



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 8. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2016
MIÐVIKUDAGINN 30. NÓVEMBER KL.13:15**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf

Einn nemandi sækir um undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs af íþróttabraut.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

1.des. ætlar NFFG að bjóða upp á kakó og piparkökur og hvetur alla til að mæta í jólapeysu eða einhverju rauðu. Morfís keppnin verður milli FG og MA í næstu umferð og á að vera lokið fyrir 5.feb. Hafin er skráning í söngkeppni skólans sem fram fer 19. Janúar. Ennþá er verið að skoða stað fyrir árshátíðina. Skoðað verður hvort hægt er að útvega vatnsbrúsa fyrir nemendur í stað glerglasa í mötuneytinu.

3. Önnur mál

Fundinn sátu:

Anna G. Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi
Anna Jeeves fulltrúi kennara
Edith Edda Unnsteinsdóttir fulltrúi kennara
Freymar Örn Ómarsson gjaldkeri NFFG
Selma Rós Axelsdóttir forseti NFFG
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir áfangastjóri
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnfulltrúi
Snjólaug Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi